

Sveitarfélagið Ölfus  
Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hafnarberg 1  
815 Þorlákshöfn

2003020052  
8717; 9310

Reykjavík, 30. maí 2003  
/--

**Efni: Hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfus dags. 20. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt stækkun hafnar og efnistaka í Þorlákshöfn samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 2a, 10 h og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfus, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfus með bréfi dags. 3. apríl 2003, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 1. apríl 2003 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 11. apríl og 16. maí 2003. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 5. og 19. maí 2003.

Í ljósi efnislegra athugasemda í umsögnum kynnti framkvæmdaraðili nýjan efnistökuástand á Hafnarsandi vegna framkvæmdanna með bréfi og greinargerð dags. 5. maí 2003 sem var send til umsagnar Umhverfisstofnunar.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd**

Um er að ræða hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn sem felast í gerð sjóvarnargarðs, landfyllingu, dýpkunarframkvæmdum og efnistöku. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er tilgangur framkvæmdanna að bæta núverandi hafnaraðstöðu og auka landrými fyrir hafnartengda starfsemi. Í framlögðum gögnum kemur fram að fyrirhugaðar hafnarframkvæmdir verði áfangaskiptar. 1. áfangi verði bygging sjóvarnargarðs, Austurgarðs, sem afmarki nýtt hafnarsvæði. Austurgarður skiptist í tvo hluta, annars vegar sé um að ræða 520 m langan garð sem afmarki hafnarsvæðið til norðurs en hins vegar um 290 m langan garð

sem afmarki það til vesturs. Áætluð efnisþörf í garðinn sé um 230.000 m<sup>3</sup> af kjarna og grjóti og gert sé ráð fyrir að hann verði byggður á árunum 2003 og 2004. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að um 10.000 m<sup>3</sup> af grjóti úr Svartaskersgarði verði endurnýttir en til framleiðslu um 220.000 m<sup>3</sup> af kjarna og grjóti þurfi að losa um 147.000 m<sup>3</sup> af föstu bergi. Gert sé ráð fyrir að vinna allt að 140.000 m<sup>3</sup> af föstu bergi á um 15-20.000 m<sup>2</sup> svæði á nýju námusvæði á Hafnarsandi um 2 km norðvestan við Þorlákshöfn og um 10.000 m<sup>3</sup> af föstu bergi á námusvæði á Hafnarbergi í tengslum við frágang svæðisins en þar hafi efni verið tekið áður til hafnargerðar og sjóvarna. Fram kemur að í 2. og 3. áfanga sé fyrirhuguð dýpkun sunnan Austurgarðs við núverandi Svartaskersbryggju um 60.000 m<sup>3</sup> og gerð um 100 m langs hafnarkants. Í 4. og 5. áfanga verði svokölluð Norðurvararbryggja rifin og samhliða verði byggður um 110 m langur sjóvarnargarður í framhaldi af Austurgarði sem liggja inn í höfnina og ennfremur sé fyrirhugað að byggja loðnulöndunarbryggju þvert á Skarfaskersbryggju. Áætluð efnisþörf í garðinn sé um 25.000 m<sup>3</sup> af grjóti og kjarna og verði reynt að nýta efni úr niðurrifi Norðurvararbryggju og fyrirhugaðri dýpkun um 90.000 m<sup>3</sup> innan núverandi hafnarsvæðis við gerð hans. Fram kemur að hluti dýpkunarefnis verði notaður við gerð um 3 ha landfyllingar sunnan fyrirhugaðs Austurgarðs. Gert sé ráð fyrir að framkvæmdir við 2.-5. áfanga standi yfir á árunum 2004-2006.

**Umhverfisáhrif.** Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun bentu á að ekki kæmi fram í gögnum framkvæmdaraðila upplýsingar um áhrif af ónæði vegna hávaða og titrings við sprengingar á efnistökusvæði á Hafnarbergi á atvinnustarfsemi í grennd við námuna á Hafnarbergi.

Í greinargerð framkvæmdaraðila dags. 5. maí 2003, þar sem gerð er grein fyrir nýju efnistökusvæði á Hafnarsandi, kemur fram að við þá ákvörðun að vinna einungis um 10.000 m<sup>3</sup> af efni úr námu á Hafnarbergi á vestur- og norðurhluta námunnar verði ónæði vegna titrings og sprenginga við fiskeldisstöð haldið í lágmarki svo og öðru ónæði við efnistöku og flutning jarðefna frá efnistökusvæði. Fram kemur að íbúðarbyggð sé í talsverðri fjarlægð og við efnisflutninga verði notaður vegslóði sem lagður hafi verið fjarri byggð frá námusvæði að hafnarsvæði og verði umferð takmörkuð við akstur vinnuvéla. Haft verði samráð við lóðarhafa og hagsmunaaðila í fiskeldi um fyrirkomulag sprenginga. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að neikvæð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfið verði mikil. Fram kemur að tekin verði botnsýni dýpkunarefnis og jafnframt leitað heimildar Umhverfisstofnunar verði um að ræða vörpun dýpkunarefnis í hafið. Breytingar á sjávarstraumum verði litlar og ekki sé gert ráð fyrir landbroti með tilkomu sjóvarnargarðs. Hins vegar muni hluti sandfjöru og sandhólasvæðis norðan núverandi byggðar hverfa eða raskast við fyrirhugaðar framkvæmdir. Það svæði sé áhugavert útivistarsvæði og fjölsetið búsvæði máva en ennfremur uppspretta sandefna sem borist hafi inn í þéttbýlið. Fram kemur að fyrirhugað efnistökusvæði á Hafnarsandi sé gróðurlítið og sandorpið hraun og ennfremur séu aðstæður á svæðinu með þeim hætti að rask vegna efnistöku verði ekki áberandi og ekki verði þörf á veglagningu að námusvæðinu. Efnistökusvæðið sé jafnframt í um tveggja km fjarlægð frá næstu húsum, akstursleið frá námu að hafnarsvæði liggja ekki um þéttbýlið og verði því ónæði fyrir íbúa og atvinnustarfsemi óverulegt. Fram kemur að efnistökusvæði á Hafnarbergi sé einnig gróðurlítið og sé gert ráð fyrir að svæðið verði mótað til útivistar að framkvæmdum loknum. Fram kemur að framkvæmdaraðili telji ekki að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

### Almennt

Í umsögnum Sveitarfélagsins Ölfuss, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

### Sjóvarnargarður, landfylling og dýpkunarframkvæmdir

Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 11. apríl 2003 kemur fram að stofnunin geti ekki gefið álit á umhverfisáhrifum sjóvarnargarðs þar sem gögn vanti um lífríki þess svæðis neðan fjöruborðs sem fyrir áhrifum verði vegna byggingar garðsins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt upplýsingum Hafrannsóknarstofnunarinnar, sem framkvæmdaraðili hafi leitað samráðs við, hafi ekki verið gerðar sérstakar rannsóknir á sjávarbotni og lífríki í eða við höfnina í Þorlákshöfn. Hins vegar telji Hafrannsóknarstofnun að með hliðsjón af vitneskju um lífríki frá hliðstæðum svæðum megi álykta að búsvæði botndýra séu óstöðug innan áhrifasvæðisins vegna mikillar hreyfingar á sjávarseti og lífríki þar fáskrúðugt. Jafnframt kemur fram að við framkvæmdina muni ný skilyrði skapast innan hafnar fyrir fjölbreyttari samfélag botndýra.

Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 16. maí 2003 kemur fram að í ljósi álits Hafrannsóknarstofnunarinnar sé ekki líklegt að stækkun hafnarsvæðisins muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér á lífríki á hafnarsvæðinu.

### Efnistaka

Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 16. maí 2003 kemur fram að stofnunin telji að með breyttri tilhögun á efnistöku verði komist hjá því að áhrif vegna hávaða og titrings verði umtalsverð. Efnistaka á Hafnarsandi sé fyrirhuguð í hrauni frá nútíma sem tilheyri flokki jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en Umhverfisstofnun telji að á þessum stað sé verndargildi þess lítið. Því telji stofnunin að ekki verði um umtalsverð umhverfisáhrif að ræða vegna fyrirhugaðrar efnistöku á Hafnarsandi. Vakin er athygli á að um talsvert magn efnis sé að ræða og ummerki eftir hana geti orðið nokkur. Því sé brýnt að áætlanir um efnistöku og frágang svæðisins verði gerðar í samráði við Umhverfisstofnun í samræmi við VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Stofnunin vekir ennfremur athygli á því að Vegagerðin hafi uppi áform um nýtingu um 20.000 m<sup>3</sup> efnis á sama stað vegna framkvæmda við Suðurstrandarveg og með því verði samanlögð efnistaka á svæðinu komin yfir þau viðmiðunarmörk sem sett séu fram í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að komi til þess að Vegagerðin sækir um efnistöku úr námunni á Hafnarsandi og fari þá efnistökmagn úr henni yfir 150.000 m<sup>3</sup> muni framkvæmdaraðili leggja til að efnistökusvæðið verði háð mati á umhverfisáhrifum.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð sjóvarnargarðs, landfyllingar, dýpkunarframkvæmdir og efnistöku í

Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi. Framkvæmdirnar eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 2a, 10h og 13a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

### **Gerð sjóvarnargarðs, landfyllingar og dýpkunarframkvæmdir**

Skipulagsstofnun telur að við gerð sjóvarnargarðs og landfyllingar muni verða nokkuð rask á sandfjöru og sandhólasvæði norðan núverandi byggðar sem að hluta til er vinsælt útivistarsvæði en ekki er líklegt að hætta sé á landbroti í kjölfar framkvæmdanna. Lífríki fjöru og á sjávarbotni mun hverfa á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sjóvarnargarðs og landfyllingar sem og fyrirhuguðum dýpkunarsvæðum. Skipulagsstofnun telur að með hliðsjón af álitum Hafrannsóknastofnunarinnar um almenna vitneskju um botndýralíf í seti sé líklegt að lífríki þar sé fáskrúðugt og áhrif framkvæmdanna verði ekki veruleg. Stofnunin telur mikilvægt að tekin verði botnssýni af fyrirhuguðum dýpkunarsvæðum áður en framkvæmdir hefjast innan hafnarinnar til að mæla hugsanlegan styrk mengunarefna eins og fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og að haft verði samráð við Umhverfisstofnun verði um vörpun dýpkunarefnis í hafið að ræða.

### **Efnistaka**

Skipulagsstofnun telur að með þeirri ráðstöfun framkvæmdaraðila að minnka verulega fyrirhugað efnistökmagn úr námusvæði á Hafnarbergi verði dregið úr ónæði vegna sprenginga, titrings og efnisflutninga á fiskeldi. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að fullt samráð verði haft við hagsmunaaðila í atvinnurekstri eins og fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila. Fyrirhugað efnistökusvæði á Hafnarsandi og akstursleið að hafnarsvæði er fjarri byggð og telur Skipulagsstofnun að ónæði vegna efnistöku og efnisflutninga verði óverulegt. Ennfremur telur stofnunin að áhrif efnistöku á gróðurfar á Hafnarsandi verði ásættanleg þar sem svæðið er lítt gróið og sandorpið og að haga megi vinnslu á efnistökusvæði þannig að náman verði ekki áberandi í landslagi. Stofnunin leggur áherslu á að áætlanir um efnistöku og frágang svæðisins verði gerðar í samráði við Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun vekur athygli á að fyrirhuguð efnistaka úr nýrri námu á Hafnarsandi vegna fyrirhugaðra hafnarframkvæmda er rétt innan þeirra viðmiða sem sett eru í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum hvað efnismagn varðar. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að Vegagerðin hafi uppi áform um nýtingu um 20.000 m<sup>3</sup> efnis á sama stað vegna framkvæmda við Suðurstrandarveg. Skipulagsstofnun telur ótvírætt að fari efnismagn samtals yfir 150.000 m<sup>3</sup> úr umræddri námu á Hafnarsandi skuli fara fram mat á umhverfisáhrifum efnistökkunnar í heild skv. 21. tl. í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn í Sveitarfélaginu Ölfusi séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að breyta gildandi Aðalskipulagi Þorlákshafnar 1997-2009, skv.

1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga, varðandi landfyllingu, hafnargarða og efnistökusvæði á Hafnarbergi. Efnisnáma í Hafnarhrauni/Hafnarsandi er utan skipulagssvæðis gildandi aðalskipulags og því þarf að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis fyrir henni, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga. Hafi nýtt aðalskipulag tekið gildi þegar að framkvæmdum kemur er unnt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli þess, m.v. fyrirbyggjandi drög að tillögu dags. í maí 2003. Stofnunin bendir á að framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðrar efnistöku á Hafnarsandi er háð umsögn Umhverfisstofnunar þar sem um er að ræða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. júní 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Ölfus, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Umhverfisstofnun og Sigurður Sigurðarson, Siglingastofnun